

Fimmtudaginn 27. júní 1996.

Nr. 198/1996.

# **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

## **Steinari Benedikt Valssyni**

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

Bifreiðar. Ölvunarakstur. Nytjastuldur. Skilorð.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Sigurður Líndal, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1996. Af hálfu ákærvaldsins er krafist þyngingar á refsingu ákærða.

Ákærði krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Samkvæmt ósk aðila var málið tekið til dóms án sérstaks málflutnings, sbr. 1. mgr. 157. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, svo sem þeirri grein var breytt með 17. gr. laga nr. 37/1994.

Með ákæru er ákærði sóttur til sakar fyrir að taka bifreiðina Í 587 í heimildarleysi aðfaranótt 18. febrúar 1996 á Ísafirði og aka henni undir áhrifum áfengis. Er þetta þar talið varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956, og 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Í þágu rannsóknar málsins var tekið blóðsýni úr ákærða, og mældist vínandamagn 1,76‰. Samkvæmt játningu ákærða fyrir dómi var hann sakfelldur, og eru brot hans réttilega færð til refsíákvæða í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði ekki gerst sekur um brot á refsilögum, sem skipta máli við ákvörðun refsingar. Að því athuguðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi, en fullnustu refsingar skal fresta og hún falla niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Ákærða verður einnig gert að greiða 35.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi tíu daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa. Þá verða staðfest ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu ökuréttar og sakarkostnað.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

### D ó m s o r ð:

Ákærði, Steinar Benedikt Valsson, sæti 30 daga fangelsi, en fullnustu refsingar skal fresta og hún falla niður að tveimur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skil-orð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 35.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi tíu daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttar ákærða og sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jónasar A. Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 6. maí 1996.**

Ár 1996, mánudaginn 6. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-402/1996: Ákærvaldið gegn Steinari Benedikt Valssyni, en málið var dómtekið samdægurs á grundvelli 125. gr. laga nr. 19/1991.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dags. 22. apríl 1996, á hendur „Steinari Benedikt Valssyni, Rauðalæk 67, Reykjavík, kt. 310864-2269, fyrir að taka bifreiðina Í-587 í heimildarleysi aðfaranótt sunnudagsins 18. febrúar 1996 frá versluninni Hamraborg, Hafnarstræti 7 á Ísafirði, og aka henni þaðan undir áhrifum áfengis að Mánagötu 6, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956, og 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993“.

Ákærði kom fyrir dóminn í dag og viðurkenndi að hafa framið þá háttsemi, sem ákært er út af.

Dómurinn telur sannað með skýlausri játningu ákærða, að hann hafi framið þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru, og eru brot hans þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákvörðuð varðhald í þrjátíu daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar skilorðsbundið í tvö ár frá uppsögu dómsins að telja og refsingin falla niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði hefur með broti sínu unnið til sviptingar ökuréttar, og ber með vísan til 101. og 102. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ökurétti í eitt ár frá 18. febrúar 1996 að telja, en þann dag var ákærði sviptur ökurétti til bráðabirgða.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, en ekki eru dæmd saksóknarlaun, þar sem málið var flutt á grundvelli 125. gr. laga nr. 19/1991.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði, Steinar Benedikt Valsson, sæti varðhaldi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsivistarinnar skilorðsbundið í tvö ár frá uppsögu dómsins að telja og hún niður falla að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði er sviptur ökurétti í eitt ár frá 18. febrúar 1996 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

---